



Dalabyggð

## **Reglur**

um styrktarlínur og auglýsingar

### **1.gr. Réttur**

Umsækjendur geta verið lögráða einstaklingar, félagasamtök, stofnanir eða fyrirtæki sem koma að menningar-, íþróttar-, ungmenna- eða útgáfustarfi í Dalabyggð.

### **2.gr. Upphæð**

Í fjárhagsáætlun skal tilgreina þá heildarupphæð sem heimilt er að úthluta í styrkjum. Styrkur Dalabyggðar til einstaka umsækjenda getur almennt ekki verið hærri en 50.000 kr., en sveitarstjórn getur breytt því hámarki við gerð fjárhagsáætlunar.

### **3.gr. Umsóknir**

Tekið er við umsóknum um styrktarlínur og auglýsinga allt árið. Hægt er að skila inn umsókn með tölvupósti á [dalir@dalir.is](mailto:dalir@dalir.is) eða á skrifstofu sveitarfélagsins í Stjórnsýsluhúsi Dalabyggðar að Miðbraut 11, 370 Búðardal. Með umsókn þarf að fylgja lýsing á verkefni, hvar það er unnið og hver sé ábygdamaður þess. Ekki er hægt að sækja styrk á þennan hátt til verkefnis sem þegar er lokið eða unnið er utan Dalabyggðar. Sveitarstjóri fer með ákvörðun um samþykki umsókna og skal svar berast innan tveggja vikna frá skilum umsókna.

### **4.gr. Lok verkefnis**

Umsækjendur sem fá umsókn samþykta þurfa að skila inn sönnun fyrir birtingu styrktarlínu eða auglýsingar til skrifstofu sveitarfélagsins eigi síðar en tveimur vikum eftir að verkefni lýkur.

Dalabyggð **XX.XX.2020**

---

Kristján Sturluson, sveitarstjóri Dalabyggð